

**AUGLÝSING****um veitingu leyfa til áætlunarflugs innanlands.**

Samkvæmt heimild í 3. gr. laga nr. 119 28. desember 1950 um stjórn flugmála, og VII. kafla laga nr. 34 21. maí 1964, um loftferðir, hefur ráðuneytið í dag veitt Arnarflugi h.f., Reykjavík, sérleyfi til áætlunarflugs með farþega, vörur og póst á eftirtöldum flugleiðum innanlands, tímabilið 13. september 1979 til 31. desember 1984:

1. Reykjavík — Rif — Reykjavík
2. Reykjavík — Grundarfjörður — Reykjavík
3. Reykjavík — Stykkishólmur — Reykjavík
4. Reykjavík — Búðardalur — Reykjavík
5. Reykjavík — Reykhólar — Reykjavík
6. Reykjavík — Bíldudalur — Reykjavík
7. Reykjavík — Flateyri — Reykjavík
8. Reykjavík — Suðureyri — Reykjavík
9. Reykjavík — Hólmavík — Reykjavík
10. Reykjavík — Gjögur — Reykjavík
11. Reykjavík — Hvammstangi — Reykjavík
12. Reykjavík — Blönduós — Reykjavík
13. Reykjavík — Siglufjörður — Reykjavík.

Samkvæmt sömu heimildum hefur ráðuneytið í dag einnig veitt flugfélaginu Ernir h. f., Ísafirði, sams konar leyfi á flugleiðinni Ísafjörður — Hólmavík — Gjögur — Ísafjörður og Flugfélagi Norðurlands h.f., Akureyri á flugleiðunum Akureyri — Mývatn — Akureyri, og Akureyri — Mývatn — Reykjavík — Mývatn — Akureyri.

Sérleyfum félaganna fylgir einkaréttur til að reka áætlunarflug á umræddum flugleiðum, en jafnframt skylda til að halda þar uppi föstum áætlunarferðum, eftir því sem flutningaþörf krefur, að dómi ráðuneytisins.

*Samgönguráðuneytið, 13. september 1979.*

**Ragnar Arnalds.**

*Birgir Guðjónsson.*

18. september 1979.

Nr. 384.

**REGLUGERÐ****um gatnagerðargjöld í Hrísey.****1. gr.**

Sveitarstjórn er heimilt að leggja gatnagerðargjöld á lóðir og byggingar í Hríseyjarhreppi, eftir því sem nánar segir í samþykkt þessari. Heimilt er að leggja gatnagerðargjald á land, sem sambærilegt telst, þótt ekki sé sérstök lóð.

**2. gr.**

Gatnagerðargjald vegna varanlegs slitlags og gangstéttar, B-gjald skal lóðarhafi greiða þegar lagningu slitlags er lokið.

Gjaldið skal greiða af fasteignum þar sem þegar hefur verið lagt á varanlegt slitlag eða gangstétt á undanförunum 5 árum.